

**Ed.**

**1068. Nefndarálit**

[301. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið eftirtalda til viðræðna um það: Inga Val Jóhannsson, deildarstjóra í félagsmálaráðuneyti, frá Húsnæðisstofnun ríkisins þau Sigurð E. Guðmundsson, Katrínu Atladóttur og Percý Stefánsson, frá samtökunum „Þak yfir höfuðið“ þau Reyni Ingibjartsson Búseta, Kristínu Jónsdóttur Öryrkjabandalaginu og Ómar Geirsson Félagsstofnun stúdenta. Formaður Félags fasteignasala, Þórólfur Halldórsson, kom og til viðræðna við nefndina. Að loknum umræðum samþykkti meiri hl. nefndarinnar að mæla með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Júlíus Sólnes sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Alþingi, 6. maí 1988.

Guðmundur H. Garðarsson,  
form.

Karl Steinar Guðnason,  
frsm.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jóhann Einvarðsson.